

Ed.

301. Lög

um að miða við gullkrónur sektir fyrir landhelgisbrot.

(Afgreidd frá Ed. 3. apríl).

1. gr.

Sektir fyrir brot gegn lögum um bann gegn botnvörpuveiðum, nr. 5, 18. maí 1920, og lögum um rjett til fiskiveiða í landhelgi, nr. 33, 19. júní 1922, skal miða við gullkrónur og ákveða í dómnum eða sektinni jafngildi þeirra í íslenskum krónum, eftir gengi dag þann, er sektin er ákveðin.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.